

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli. Einnig er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari vegna þjónustu sem er í verkahring heilbrigðiseftirlits að veita skv. ofangreindum lögum.

2. gr.

Tímagjald fyrir þjónustu er	kr. 16.900
Gjald fyrir rannsókn á einu sýni skv. eftirlitsáætlun er	kr. 26.000
Gjald vegna heildarefnagreiningar neysluvatns er	kr. 245.000

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra sér um innheimtu eftirlitsgjalda vegna reglubundins eftirlits skv. viðauka með gjaldskrá þessari. Þar kemur jafnframt fram áætlun tíðni eftirlits.

Unnt er að sækja um lækun gjalda ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur rekið vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um. Ef heilbrigðisnefnd fellst á slíka lækun er henni heimilt að draga úr eftirliti frá sama tíma.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram er heimilt að lækka eftirlitsgjald sem því nemur.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi á einum og sama stað er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald.

3. gr.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, annast innheimtu eftirlitsgjalda, samkvæmt gjaldskrá þessari s.s. vegna útgáfu leyfa og vottorða og vegna eftirlits umfram áætlun auk þjónustuverkefna.

Fyrir nýtt starfsleyfi eða eftir atvikum móttöku á skráningu greiðast kr. 34.000 í umsýslugjald auk auglýsingakostnaðar og eftirlitsgjalds ef við á. Heilbrigðisnefnd er jafnframt heimilt að innheimta reiknað tímagjald vegna vinnu við gerð sértækra starfsleyfiskilyrða vegna starfsemi sem fellur undir reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Fyrir endurnýjun starfsleyfis greiðast kr. 29.000 auk auglýsingakostnaðar og eftirlitsgjalds ef við á.

Fyrir auglýsingu starfsleyfis á vef heilbrigðiseftirlits greiðast kr 16.900.

Fyrir önnur leyfi s.s. tóbaksleyfisgjöld greiðast kr. 36.000.

Fyrir vottorð og umsagnir skv. fyrirliggjandi gögnum greiðast kr. 27.000.

Fyrir húsnæðissskoðun greiðast kr. 36.000, en Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra er þó heimilt að lækka eða fella það niður. Fyrir ítarlega húsnæðissskoðunarskýrslu er greitt skv. tímagjaldi.

Fyrir markaðs- og götusölu greiðast kr. 26.000, en Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra er þó heimilt að lækka eða fella það niður.

Sé raunkostnaður skv. reikningi frá rannsóknarstofu hærri en sem nemur gjaldi heilbrigðiseftirlits fyrir rannsókn skal innheimta raunkostnað að viðbættu 35% umsýslugjaldi og akstursgjaldi skv. útreikningi fjármála- og efnahagsráðuneytis ef ekki er unnt að samnýta ferðina.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fjölga tímabundið eftirlitsferðum umfram það sem fram kemur í eftirlitsáætlun ef nauðsyn krefur t.d. þegar nýr búnaður hefur verið tekin í notkun eða vegna kvartana. Nefndin innheimtir þá gjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

Fyrir starfsemi sem er eftirlitsskyld, en er ekki á lista í viðauka með gjaldskrá þessari, greiðist eftirlitsgjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

Verk sem unnin eru skv. ákvæðum samþykktá settum samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir eru gjaldfærð eins og um þjónustuverkefni sé að ræða nema um annað hafi verið samið. Fyrir þjónustuverkefni er rukkað tímagjald.

Vegna beitingar þvingunarúrræða sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þvingunarúrræða skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, skal heilbrigðisnefnd innheimta kostnað eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða.

4. gr.

Heimilt er að fella starfsleyfi fyrir starfsemi úr gildi ef eftirlitsgjöld skv. 2. gr. eru ekki greidd að undangengnum tilhlýðilegum fresti. Séu gjöld skv. 3. gr. ekki greidd fellur starfsleyfið sjálfkrafa úr gildi. Sama á við ef starfsemi hefur ekki hafist einu ári frá útgáfu leyfis og ef starfsemi hefur legið niðri í tvö ár samfellt.

5. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda er útgáfudagur reiknings og eindagi 14 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra í samræmi við 46. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum, 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 með síðari breytingum. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 132/2022 fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

Sauðárkróki, 9. janúar 2023.

F.h. heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra,

Sigurjón Þórðarson framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Gjald, kr.
01.24.01.1	Alifuglarækt	1	54.925
97.00.0.2	Almenningssalerni	0,5	21.125
52.31.00	Apótek (söluturn án óvarinna matvæla)	0,5	25.350
90.00.0.9	Áhaldahús sveitarfélags	0,5	42.250
15.81.0.2	Bakarí, lítið	1	79.925
15.81.0.3	Bakarí, miðlungs	2	134.850
15.81.0.4	Bakarí, stórt - með kaffisölu	2	152.100
50.20.0.1	Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið (1-2 starfsmenn)	0,5	25.350
50.20.0.2	Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	1	43.940
50.20.0.3	Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	1	67.600
50.20.0.7	Bifreiðasprautun	0,5	29.575
71.10.0.1	Bílaleiga	0,25	14.788
15.96.0.0	Bjórgerð	1	76.050
15.96.0.1	Bjórgerð, lítil - ekki samfelld starfsemi	0,5	29.575
28.52.0.1	Blikksmiði	0,5	29.575
50.20.0.10	Bón- og bílaþvottur, handvirkt	0,25	10.563
85.32.1.1	Dagmómmur með > 6 börn	0,25	10.563
85.11.4.1	Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil	1	92.950
85.11.4.3	Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi	1	143.650
92.53.0.1	Dýragarður	0,5	23.238
92.53.0.2	Dýralæknastofa	0,5	33.800
93.01.0.2	Efnalaugar	0,5	25.350
50.50.0.0	Eldsneytisstöðvar,	1	84.500
50.50.0.1	Eldsneytisstöðvar, sjálfvirkar	1	67.600
50.50.0.2	Eldsneytistankar við hafnir minni en 10.000 l	0,5	25.350
37.20.0.1	Endurnýting úrgangs	1	67.600
75.23.0.1	Fangaklefar	0,5	46.475
85.32.6.2	Félagsheimili með eldhúsi	1	84.150
85.32.6.1	Félagsheimili með eldhúsi, lítil	0,5	25.350
52.23.0.4	Fiskbúðir án vinnslu, litlar	1	67.250
55.21.0.1	Fjallaskálar, minni	0,25	10.563
63.23.0.2	Flugvellir	0,5	31.688
15.89.0.0	Framleiðsla annarra matvæla	1	71.825
26.61.0.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	1	67.600
15.71.1.0	Framleiðsla á dýrafóðri	1	63.375
15.20.7.0	Framleiðsla á fæðubótarefnum, kítín	1	143.650
15.61.0	Framleiðsla á kornvörum og pökkun	1	67.600
25.22.0.0	Framleiðsla á umbúðaplasti og efnum sem koma í snertingu við matvæli	1	50.700
25.22.0.1	Framleiðsla á umbúðum og efnum sem koma í snertingu við matvæli, lítil	0,5	25.350
26.13.0	Framleiðsla gleriláta	0,5	29.575
15.71.1.1	Framleiðsla gæludýrafóðurs lítil	0,2	8.450
26.63.0.2	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	1	50.700
26.63.0.1	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu lítil	0,5	25.350
52.10.0.0	Frystigeymslur	0,5	27.463
80.22.0.0	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám/heimavist	1	101.400
80.21.0.2	Fræðslustarfsemi með mótuneyti, lítil	1	84.500
80.21.0.3	Fræðslustarfsemi með mótuneyti, stór	1	118.300
80.21.0.1	Fræðslustarfsemi/skólar,án mótuneytis	1	50.700

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Gjald, kr.
24.20.0.1	Garðaúðun	0,25	14.788
90.00.0.4	Gámastöð - stærri flokkun	1	67.600
90.00.0.41	Gámavöllur, móttaka úrgangs, lítill	0,5	33.800
55.12.0.1	Gistiskálar og gistiheimili án veitingasölu, lítið, allt að 16 gestir	0,5	25.350
55.12.0.2	Gististaðir án veitingasölu, 17-49 gestir	1	59.150
55.12.0.3	Gististaðir án veitingasölu, 50+ gestir	1	84.500
55.11.0.3	Gististaðir með veitingasölu, 100 + gestir	2	227.800
55.11.0.1	Gististaðir með veitingasölu, 17-49 gestir	1	118.300
55.11.0.2	Gististaðir með veitingasölu, 50-100 gestir	2	169.000
55.11.0.4	Gististaður með fjölbreytta þjónustu-, matsölu, sundlaug, snyrtiþjónustu o.fl.	2	185.900
14.21.0.0	Grjót-, malar- og sandnám	1	63.375
25.13.0.1	Gúmmivinnsla	0,33	13.943
85.32.2.3	Gæsluvellir/leikvellir	0,25	10.563
93.02.0.0	Hárgreiðslu- og snyrtistofur	0,5	31.688
93.02.0.1	Hárgreiðslustofur	0,5	25.350
85.11.1.3	Heilbrigðisstofnun, með fullbúnu eldhúsi	2	227.800
51.44.2.0	Heildverslun með hreingerningarefni	0,5	25.350
51.31.0.1	Heildverslun með matvæli, hreingerningarefni o.fl., lítill	0,5	21.125
85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar, litlar	1	42.250
93.29.0.0	Hestaleigur og reiðskólar	0,5	21.125
80.10.0.5	Hestamiðstöð	0,5	21.125
50.20.0.15	Hjólbarðaverkstæði	0,5	21.125
85.14.94	Húðflúrstofa	0,5	25.350
92.61.0.4	Íþróttahús, lítill	1	42.250
92.61.0.5	Íþróttahús, miðlungs	1	59.150
92.61.0.6	Íþróttahús, stór	1	67.600
92.61.0.8	Íþróttamiðstöðvar með sundlaug	2	160.550
92.61.0.7	Íþróttavellir	0,5	29.575
37.20.0.2	Jarðboranir	1	67.600
55.40.0.3	Kaffisala (kaffi og kökur) - sumaropið	0,5	21.125
91.31.1.1	Kirkjur	0,25	10.563
85.14.92	Kírópraktor	0,5	21.125
15.13.0.5	Kjöttvinnsla, miðlungs með reykingu - mengun	1	104.925
15.13.0.1	Kjöttvinnsla, lítill	1	71.475
15.81.0.0	Kleinu-, sælgætisgerð o.fl., minniháttar starfsemi	0,33	13.943
55.40.0.2	Krár, kaffihús án matsölu	1	63.375
55.40.0.4	Krár, kaffihús - einfaldar veitingar og gisting	1	76.050
55.40.0.1	Krár, kaffihús með matsölu	1	151.750
15.87.0.1	Krydd og bragðefnavinnsla, lítill	1	79.925
15.87.0.2	Krydd og bragðefnavinnsla, miðlungs	2	109.850
15.87.0.3	Krydd og bragðefnavinnsla, stór	2	160.550
15.20.8.0	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttar	1	92.600
15.20.8.1	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttar, lítill	1	67.250
38.21.00	Landmótun með óvirkum úrgangi	0,33	16.731
19.10.0.1	Leðurvinnsla	0,5	42.250
85.32.2.2	Leikskólar með eldhúsi	1	92.950
85.32.2.1	Leikskólar með móttökueldhúsi	1	67.600
26.21.0.1	Leirmunaverkstæði afkastageta, ofn < 4 m ³	0,5	29.575
93.04.0.1	Líkamsræktarstöðvar	1	50.700

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Gjald, kr.
93.04.0.2	Líkamsræktarstöðvar, litlar	1	38.870
01.25.2.0	Loðdýrabú lítið	0,5	27.463
01.25.2.1	Loðdýrabú stórt	1	63.375
55.30.1.1	Matsölustaðir, litlir	1	122.175
55.30.1.2	Matsölustaðir, miðlungs	1	151.750
55.30.1.3	Matsölustaðir, stórir	1	168.650
52.11.2.4	Matvöruverslun án vinnslu, lítill	1	84.500
52.11.2.5	Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	2	126.750
52.11.2.6	Matvöruverslun án vinnslu, stór	3	202.800
52.11.2.1	Matvöruverslun með vinnslu	2	168.650
52.11.2.3	Matvöruverslun með vinnslu, stór	2	235.900
20.30.9.5	Málningaraðstaða	0,25	10.563
85.31.1.0	Meðferðarheimili fyrir börn og unglínga	1	63.375
15.61.0.2	Meðhöndlun og framleiðsla á kornvörum	1	54.925
20.20.0.1	Meindýravarnir	0,25	11.200
15.51.0.1	Mjólkurbú	2	126.400
15.51.0.0	Mjólkurbú, ostagerð, eiming	2	270.400
51.57.0.2	Móttaka brotamálms	1	59.150
38.22.0.0	Móttaka og meðhöndlun á seyru	0,5	25.350
51.57.0.3	Móttaka úrgangs til endurvinnslu	1	71.825
55.51.0.1	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	1	92.600
55.51.0.2	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs	2	117.950
55.51.0.3	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	2	160.200
51.57.0.1	Niðurrif bifreiða	1	50.700
43.11.0.0	Niðurrif bygginga og undirbúningur byggingarsvæðis	1	42.250
93.04.0.9	Nuddstofur	0,5	21.125
26.82.9.1	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	1	63.375
26.82.9.2	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu	1	84.500
15.51.0.2	Ostagerð	2	84.500
15.51.0.3	Ostagerð lítill ekki samfelld starfsemi	0,5	29.575
25.21.0.1	Plastiðnaður stór	1	67.600
25.20.0.0	Plastvöruframleiðsla	0,5	46.475
22.22.9.1	Prentiðnaður, lítill	0,33	13.943
22.22.9.2	Prentiðnaður, miðlungs	0,5	46.475
22.22.9.3	Prentiðnaður, stór	1	71.825
31.62.0.1	Rafvélaverkstæði	0,25	12.675
72.11.0.0	Rannsóknarstarfsemi	0,25	14.788
80.10.0.6	Reiðhöll - sýningarstarfsemi	1	59.150
92.13	Rekstur kvikmyndahúsa	0,5	27.463
55.52.0.1	Sala á tilbúnum mat, lítill	1	67.250
52.49.9.4	Sala eiturefna og hættulegra efna	1	42.250
15.33.0.2	Salatgerð	2	160.200
85.31.4.0	Sambýli með heimiliseldhúsi	0,5	31.688
15.33.0.4	Samlokugerð, lítill	0,5	54.575
24.51.31	Sápu- og kremframleiðsla	0,25	11.619
43.99.0.1	Sérhæfð byggingarstarfsemi	1	54.925
85.14.1.1	Sjúkraþjálfun	0,5	21.125
55.30.2.1	Skemmtistaðir án matsölu	1	80.275
55.30.2.0	Skemmtistaðir með matsölu	1	126.750

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Gjald, kr.
92.72.0.1	Skotvellir	0,25	10.563
85.32.3	Skóladagheimili	1	67.600
90.00.0.3	Skólþreinsistöðvar	1	42.250
26.12.0.0	Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	0,25	9.506
55.30.1.4	Skyndibitastaðir, litlir	1	84.150
15.11.0.2	Sláturhús, stórt með brennsluofni	2	227.800
15.11.0.1	Sláturhús, miðlungs	1	88.375
15.11.0.0	Sláturhús, stórt	2	151.750
93.02.0.2	Snyrtistofur	0,5	25.350
90.00.0.7	Sorpflutningar og sorphirða	1	84.500
93.04.0.7	Sólbaðstofur	1	42.250
40.10.0.1	Spennistöðvar - aðveitistöðvar	0,5	25.350
93.21.0.0	Starfsemi skemmti- og þemagarða	1	42.250
55.14.0.1	Starfsmannabúðir < 16 manns	1	67.600
55.14.0.2	Starfsmannabúðir, 17-50 manns	1	76.050
55.14.0.3	Starfsmannabústaðir (varanlegt húsnæði) < 16 manns	0,33	25.097
14.21.0.1	Steinmölun og framleiðsla á ofaniburði og fyllingarefnum	1	63.375
15.33.0.1	Sultu- og ávaxtagrautargerð	2	143.300
80.10.0.4	Sumarbúðir	1	63.375
92.61.0.1	Sundstaðir, litlir	1	84.150
92.61.0.2	Sundstaðir, miðlungs	1	159.850
01.23.0.2	Svínarékt > 2.000 stæði fyrir alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	1	104.780
01.23.0.1	Svínarékt < 2.000 stæði fyrir alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	1	54.925
85.33.6.3	Söfn	0,5	21.125
52.11.3.1	Söluturnar án óvarinna matvæla	0,5	21.125
52.11.3.2	Söluturnar með óvarin matvæli	1	46.475
85.13.1.1	Tannlæknastofur	0,33	16.731
55.22.0.1	Tjaldstæði	0,5	25.350
55.22.0.2	Tjaldstæði, orlofshúsavæði með smáhýsum	1	67.600
80.42.2.0	Tónlistarskólar	0,25	12.675
20.30.9.4	Trésmíðaaðstaða	0,5	21.125
20.30.9.2	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	0,5	46.475
20.30.9.3	Trésmíðaverkstæði, lítið (1-2 starfsmenn)	0,5	21.125
20.30.9.1	Trésmíðaverkstæði með lökkun	0,5	63.375
17.10.0.1	Ullarþvottastöð	2	219.700
80.10.0.7	Útihátíð	1	67.250
55.12.0.4	Útleiga stakra sumarhúsa/íbúðarhúsnæðis	0,33	19.520
41.00.0.5	Vatnsveitur, 2.000-5.000 íbúar	6	882.000
41.00.0.6	Vatnsveitur, 500-2.000 íbúar	2	184.500
41.00.0.8	Vatnsveitur, einka m/matvælavinnslu	0,5	25.350
41.00.0.7	Vatnsveitur, færri íbúar en 500	1	67.250
55.30.1.7	Veitingavagnar	0,25	14.788
50.20.0.14	Verkstæði fyrirtækja	0,5	27.463
29.11.0.0	Vélsníða- og vélavíðgerðaverkstæði	1	50.700
50.20.0.13	Viðgerðaraðstaða	0,25	14.788
15.20.6.1	Vinnsla á fiski, lítil	0,5	46.125
15.20.6.2	Vinnsla á fiski, miðlungs	1	84.150
15.20.6.3	Vinnsla á fiski, stór	1	134.850
15.31.0.0	Vinnsla og þökkun á grænmeti	0,5	21.125

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Gjald, kr.
40.10.0.2	Virkjanir 1-10 MW	0,5	71.825
40.10.0.3	Virkjanir 10-50 MW	0,5	92.950
40.10.0.4	Virkjanir stærri en 50 MW	1	202.800
85.11.4.4	Vistheimili	0,25	10.563
52.25.0.0	Vínbúð	0,33	27.885
63.21.0.1	Vöruflutningamiðstöðvar	1	59.150
63.21.0.0	Vöruflutningamiðstöðvar, litlar	0,5	21.125
93.01.0.0	Þvottahús og efnalaugar	0,5	29.575

B-deild – Útgáfudagur: 8. febrúar 2023